

**Nd.**

**519. Lög**

um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

Þ. gr. 1. málsgrein hljóði svo:

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem í 3. gr. segir, telst eigi að eins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelagsmönnum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á, að skattskyldar tekjur váttryggingarfjelaga, sem starfa hér á landi, skuli talinn sá hluti heildarágóðans, er svarar til hlutfallsins milli allra iðgjaldatekna fjelagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur og sett fyriræli um heimild váttryggingarfjelaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart váttrygðum.

Loks getur ráðherra sett ákvæði um það, hvenær fjelög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa fengið konungs staðfestingu.